

## Erindisbréf

### Starfshópur um endurskoðun á félagslegu leiguhúsnæði í eigu og umsjá Hafnarfjarðarbæjar.

Meginverkefni starfshóps er að skoða núverandi fyrirkomulag við umsjón og umsýslu á félagslegu leiguhúsnæði í eigu og umsjón Hafnarfjarðarbæjar sem eru samtals 238 íbúðir. Skoða skal eiginfjárlutfall, rekstrarkostnað, dreifingu og stærð eigna og gera samanburð á þessum þáttum við önnur sveitarfélög af svipaðri stærð sem hafa umsjón með félagslegu leiguhúsnæði. Ennfremur skal starfshópurinn meta þörf á fjölda íbúða útfra eftirspurn og gera áætlun til næstu 10 ára.

Starfshópurinn skal ennfremur endurskoða reglur um úthlutun og verðskrá á félagslegu leiguhúsnæði en samkvæmt núverandi fyrirkomulagi þá ræðst úthlutun félagslegra leiguíbúða í aðalatriðum af fjölskylduhögum, félagslegum aðstæðum og því að tekjur og eignir umsækjanda séu innan ákveðinna marka.

Verkefnastjórn skal hefja störf í október 2015 og miða við að skila af sér tillögum innan 6 mánaða.

Verkefnastjórn starfar í umboði Fjölskylduráðs og Umhverfis- og framkvæmdaráðs. Með verkefnastjórn starfa sviðstjórar Umhverfis- og skipulagsþjónustuog Fjölskylduþjónustu ásamt starfsmönnum.

#### **Skipulag:**

Verkefnastjórnin skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti, greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hennar. Fundargerðir verkefnastjórnar skal senda bæjarráði til staðfestingar. Jafnframt skulu fundargerðir sendar Fjölskylduráði og Umhverfis- og framkvæmdaráði til kynningar.

#### **Fulltrúar í verkefnastjórn:**

Bæjarráð hefur skipað eftirtalda aðila í verkefnastjórnina:

**Aðalmenn:**

Guðlaug Kristjánsdóttir, fulltrúi meirihluta

Helga Ingólfssdóttir, fulltrúi meirihluta

Örn Tryggvi Johnsen, fulltrúi meirihluta

Fjölur Sæmundsson, fulltrúi minnihluta

Ómar Óskarsson, fulltrúi minnihluta

**Varamenn:**

Matthías F. Matthíasson

Kristinn Andersen

Birna Ólafsdóttir

Eyrún Ósk Jónsdóttir

Kristín Thoroddsen